

Áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað - samantekt

Inngangur

Tilgangur með gerð skriflegrar áætlunar um öryggi og heilbrigði í Urriðaholtsskóla er að fyrirbyggja og draga úr áhættu á slysum, óhöppum, álagi og heilsutjóni sem starfsfólk getur orðið fyrir við störf sín.

Skrifleg áætlun um öryggi og heilbrigði felur í sér sérstakt áhættumat sem unnið er af öryggisverði skólans. Áætlun um heilsuvernd og forvarnir sem í samræmi við niðurstöður áhættumatsins leiða til úrbóta og eftirfylgni að úrbótum loknum.

Árangur af kerfisbundnu áhættumati er metið reglulega í samráði við starfsfólk og öryggistrúnaðarmanni þeirra og úrbætur gerðar eftir því sem niðurstöður árangursmatsins gefur tilefni til.

Kosið var í öryggistrúnaðarráð á starfsmannafundi haustið 2020, í ráðinu sitja;

- Þorgerður Anna Arnardóttir skólastjóri á báðum skólastigum
- Una Guðrún Einarsdóttir aðstoðarskólastjóri á báðum skólastigum
- Guðjón Pétur Lýðsson öryggisvörður og húsumsjónarmaður
- Fríða Sigurðardóttir öryggistrúnaðarmaður og kennari
- Þóra Björg Hallgrímsdóttir skrifstofustjóri

Áætlun um öryggi og heilbrigði er aðgengileg á innra neti skólans sem og heimasíðu hans www.urridaholtsskoli.is.

Vinnuverndarstarf

Vinnuverndarstarf er að komast í fulla virkni í skólanum. Öryggisvörður og öryggistrúnaðarmaður skólans sóttu vinnuverndarnámskeið á haustdögum 2018. Nýr öryggisvörður var kosinn á starfsmannafundi haustið 2020, Guðjón P. Lýðsson húsvörður, og í framhaldi af því lauk hann Vinnuverndarnámskeið í október 2020. Öryggistrúnaðarmaður og fyrrum öryggisvörður hafa einnig setið námskeið á vegum Vinnueftirlitsins.

Á vinnustaðnum er lögð áhersla á félagslegan og andlegan aðbúnað starfsfólks þar sem mikið hefur verið unnið með jákvæð, hreinskiptin og uppbyggileg samskipti. Þá heftur fróðleiksmolum um vinnuvernd, svo sem líkamsbeitingu og líðan verið dreift til starfsfólks mjög reglulega. Starfsmannahópurinn leggur sig fram um að vera með virka hreyfingu og slökun innan hópsins. Þá hefur upplýsingum um kjör starfsmanna Garðabæjar um kaup á líkamsræktar og sundkortum verið komið til starfsfólks og það hvatt til hreyfingar. Nýir starfsmenn fóru á skyndihjálparnámskeið í janúar 2020 sem og þeir sem hófu störf vorið 2018. Ráðgert var að vera með skyndihjálparnámskeið á haustdögum 2020 fyrir nýtt starfsfólk en vegna samkomutakmarkanna var því frestað.

Bætt vinnuumhverfi, úrbætur og forvarnir

Vinnuverndarstefna	Áætlun um framkvæmd	Ábyrgð	Úrbætur	Tímarammi úrbóta
Vinnuverndarstarf	Öryggisvörður í samráði við öryggistrúnaðarman n sendir fróðleik um vinnuvernd annan hvern fimmtudag.	Þorgerður Anna Arnardóttir, Una Guðrún Einarsdóttir og Fríða		Áhættumat skal endurtekið í ágúst og janúar ár hvert og oftast ef þurfa þykir og áætlun

	<p>Upplýsingar frá mannauðsstjóra eru einnig sendar áfram til starfsfólks</p> <p>Tekið er tillit til erlendra starfsmanna og skilningu tryggður. Vinnuslys eru skráð og tilkynnt.</p>	<p>Sigurðardóttir</p>		<p>endurskoðuð í kjölfarið.</p>
<p>Félagslegur og andlegur aðbúnaður</p>	<p>Jákvæðni, hreinskilni og gott upplýsingaflæði eru áhersluatriði við ráðningu sem og í öllu samstarfi starfsfólks skólans. Lögð er áhersla á fjölbreytt verkefni og starfsfólk hvatt til að hafa áhrif á starf sitt og umhverfi. Viðbragðsáætlun vegna eineltismála hefur verið unnin við skólann. Starfsfólk er hvatt til að stunda endurmenntun og lögð er áhersla á hvatningu og hrós fyrir vel unnin störf. Starfsfólk hvatt til að leita til stjórnenda eftir stuðningi og úrlausn mála.</p>	<p>Þorgerður Anna Arnardóttir, Guðjón Pétur Lýðsson, Una Guðrún Einarsdóttir</p>		<p>Tekin eru starfsmanna-samtöl tvisvar á ári, í nóvember og apríl hvert skólaár.</p> <p>Annað hvert ár er lögð fyrir starfsmannakönnun og úrbótaáætlun unnin í framhaldi. Síðast var starfsmannakönnun vorið 2020.</p>
<p>Vélar og tæki</p>	<p>Í list- og verkgreinastofum eru vélar og tæki.</p>	<p>Guðjón Pétur Lýðsson, Þorgerður Anna</p>	<p>Enn verið að vinna með útsláttarrofa. Búið að panta búnað fyrir aukna loftræstingu þar sem stofan er til bráðabirgða</p>	<p>Vor 2021, áhættumat framkvæmt í ágúst og eftir atvikum framhald.</p>
<p>Hreyfi og stoðkerfi</p>	<p>Upplýsingar um rétta líkamsbeitingu meðal annars við að lyfta börnum kynnt, hengd upp og farið yfir með starfsfólki á starfsmannafundi.</p>	<p>Una Guðrún Einarsdóttir, Fríða Sigurðardóttir</p>	<p>Þvottahús er til bráðabirgða og þvottavélar á gólfi en þurrkarar þar ofan á. Starfsfólk skiptist á að setja í og taka úr vélum og því ekki um</p>	<p>Úttekt og fræðsla um líkamsbeitingu í ágúst ár hvert.</p>

	Fara yfir rétta líkamsbeitingu starfsfólks. Létt tæki eru til staðar til að bera hluti á milli staða. Skiptiborð og tröppur á þau eru til staðar.		langan tíma að ræða vinna við tækin í einu.	
Umhverfispætti r	<p>Vinnurými starfsfólks er fullnægjandi að stærð. Ljósritunarvél er í vel loftuðu vinnuherbergi. Móðurtölva er vistuð utan skólans. Inniloft er gott, loftræstikerfi yfirfarið og starfsfólk hefur aðgang að rakatækjum ef þörf krefur þar sem við erum í nýju húsnæði. Lýsing er góð og hægt að breyta henni eftir þörfum hverju sinni. Sólvargardínur eru á leikskólastigi, sólarfilmur á skrifstofum, vantar gardínur í kennslurými grunnskólastigs. Ræsting er góð og öll rými ræst út frá notkun. Notkun tóbaks og áfengis er bönnuð við og í húsnæði skólans. Hljóðvist er góð og lögð áhersla á að kennara nái tökum á hegðunarstjórnun til að draga úr hávað og stuðla að raddvernd. Vinnureglur um handþvott og hreinlæti barna og fullorðinna eru inni</p>	Þorgerður Anna, Una Guðrún, Guðjón Pétur og Fríða.	Ganga þarf frá aðgangsstýringum svæða. Panta þarf sólvargardínur í stofur til austurs.	Sumar 2021 Sumar 2021

	<p>á öllum salernum og hafa verið kynnt.</p> <p>Snyrtingar starfsfólks eru umfram það sem segir um starfsmannafjölda. Lögð er áhersla á góða umgengni á öllum vinnusvæðum og á kaffistofu starfsfólks</p>			
Efnanotkun	Öll varasöm efni eru geymd í lokuðum rýmum. Notast er við umhverfisvæn efni eins mikið og kostur er.	Þorgerður Anna, Guðjón Pétur.	Ganga þarf frá aðgangsstýringu.	Sumar 2021
Viðbragðsáætlanir	Viðbragðsáætlun vegna eineltismála sem og jafnréttisáætlun má nálgast á heimasíðu skólans. Viðbragðs- og rýmingaráætlun vegna eldsvoða og jarðskjálft sem og veðurs og heimsfaraldar má nálgast á heimasíðu skólans. Slökkvibúnaður og skyndihjálparbúnaður er í lagi. Allt starfsfólk skal sækja skyndihjálparnámskeið á tveggja ára fresti.	Þorgerður Anna, Fríða, Guðjón Pétur	Námskeiði haustið 2020 fresta vegna samkomutakmarkanna.	Næsta námskeið í september 2021